

## ***Aðalfundur félags eldri borgara haldinn 24.mars 2014 kl. 13.30 að Bugðusíðu 1 Akureyri.***

Formaður Sigurður Hermannsson ávarpar fundargesti.

Mörgum finnst það erfiður þröskuldur að yfirstíga að vera komin í samfélag eldri borgara og vilja helst ekki segja frá því, þetta er bara gangur lífsins og við erum í þessum félagsskap til þess að gera síðari hluta æfi okkar sem fjölbreytilegastan.

Minnst látinna félaga.

Frá síðasta aðalfundi hafa nokkrir félagar okkar verið kallaðir af þessum heimi yfir móðuna miklu. Ég vil biðja viðstadda að rísa úr sætum til að minnast þessara föllnu félaga okkar, um leið og við sendum ættingjum þeirra samúðarkveðjur.

Ég segi þennan aðalfund Félags eldri borgara á Akureyri 2014 settan.

Næst er að kjósa starfsmenn fundarins þ.e. fundarstjóra og tvo ritara. Ósk er um Baldvin Bjarnason sem fundarstjóra og Kristínu Hjálmarsdóttur og Helgu Eiðsdóttur sem fundarritara, ekki komu tillögur um aðra í þessi störf og voru þau því sjálfkjörin.

Tók nú fundarstjóri við fundinum og gaf Sigurði formanni orðið um skýrslu stjórnar. Stjórnin var þannig skipuð síðasta ár. Formaður kosinn af aðalfundi Sigurður Hermannsson. Að öðru leyti skipti stjórnin þannig með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund; varaformaður Guðbjörg Bjarman, ritari Kristín Hjálmarsdóttir og gjaldkeri Einar Gunnarsson. Meðstjórnendur voru Karl Steingrímsson, Halldór Gunnarsson og Arnheiður Kristinsdóttir. Varamenn sem boðaðir eru á alla stjórnarfundi voru Kolbrún Kristjánsdóttir, Númi Adólfsson og Aldís Björnsdóttir. Haldnir voru 11 stjórnarfundir frá síðasta aðalfundi.

Farið verður nú yfir það helsta sem gert hefur frá síðasta aðalfundi.

Mestur hluti starfs félagsins er á vegum þeirra öflugra nefnda sem starfa á vegum félagsins, sem eru skemmtinefnd (með henni vinnur kaffinefnd), göngunefnd, ferðanefnd, spilanefnd og Fræðslunefnd, auk þess briddsnefnd sem sér um tvímenningskeppni í bridds. Stjórnarmenn hafa frá 2007 verið einn dag í viku þ.e. fimmtudögum á skrifstofu félagsins til skrafs og ráðagerðar með stuttu uppihaldi yfir hásumarið. Lokun félagsmiðstöðvarinnar hér í Bugðusíðu er óásættanlega löng þ.e. þrjú mánuðir og hefur verið svo í nokkur ár. Til þess að milda þessa lokun svólítið hefur félagið haft opið á miðvikudögum eftir hádegi fyrir frjálsa spilamennsku í Bugðusíðu í júní, ágúst og fram í september. Starfsmaður á vegum félagsins var á staðnum til að sjá um kaffi gera hreint og loka húsinu.

Aðalfundur Landsambands eldri borgara var haldinn í Hafnafirði 7. og 8. maí, félagið átti rétt á að senda 4 fulltrúa sem voru kosnir á síðasta aðalfundi og voru Einar Gunnarsson, Guðbjörg Bjarman, Kristín Hjálmarsdóttir og Sigurður Hermannsson, auk þess sat Jóhannes Sigvaldason fyrrverandi formaður fundinn sem formaður uppstillingarnefndar. Kjörbréf 111

fulltrúa voru samþykkt til setu á fundinum. Aðalmál fundarins voru kjara- og réttindamál, þar sem mótmælt var harðlega þeim kjaraskerðingum sem aldraðir og öryrkjar hafa orðið fyrir. Ýmsar tillögur voru samþykktar svo sem um flutning málefna aldraða til sveitafélaga. Tillaga um mannréttinda- og jafnréttismál, tillaga um stofnun embættis umboðsmanns aldraða. Frá kjaranefnd var samþykkt að lækka þurfi skattleysismörk verulega enda sé það besta kjarabót fyrir eldri borgara, þá beinir fundurinn því til velferðaráðherra að fjölga þurfi búsetuúrræðum sem bjóðast öldruðum, einnig er lagt til að dagdvalarrýmum verði fjölgað til að draga úr einsemd og bæta þjónustu við aldraða. Þá beinir Landsfundur því til velferðaráðherra að nauðsynlegt er að efla heilsugæslu og aðra grunnþjónustu heilbrigðiskerfisins um land allt.

Tveir samráðsfundir hafa verið haldnir með fulltrúum frá Akureyrarbæ. Slíkir fundir eru að minnsta kosti einu sinni á ári þar eru rædd ýmis samskiptamál milli félagsins, bæjarins og félagsmiðstöðvanna. Eins og verið hefur undanfarin ár er hægt fyrir eldri borgara að fara í göngu fyrir hádegi í Boganum yfir vetrartímann. Óskir hafa komið fram hvort ekki væri hægt að breyta ferðum strætisvagnanna þannig að stoppað verði við Bogann. Fyrir tveimur árum var sú breyting gerð að félagskortid sem nú er afhent gildir í fjögur ár, því er rétt að passa upp á kortid því það næsta kemur ekki fyrir en 2016. Eitt af megin verkefnum stjórnar á þessu starfsári hefur verið að koma á fót heimasíðu fyrir félagið. Farin var sú leið að fá Stefnu hugbúnaðarhús ehf til að aðstoða okkur við þetta verkefni. Undirbúningsvinna var að mestu unnin af þeim ásamt formanni og Halldóri Gunnarssyni úr stjórninni. Halldór hefur síðan haft yfirumsjón með síðunni og fær hann bestu þakkir fyrir, einnig Stefnu menn. Heimasíðan var svo tekin í notkun í janúar s.l.

Á síðasta ári var félagið beðið um að tilnefna mann í nefnd á vegum samfélags- og mannréttindaráðs Akureyrarbæjar í valnefnd til að velja einstaklinga og fyrirtæki sem veita ætti viðurkenningar fyrir framúrskarandi æskulýðs- og tólmstundastarf. Tilnefnd af hálfu félagsins var Kristín Hjálmarsdóttir en vegna tímabundina veikinda hennar tók formaður félagsins við. Meðal þeirra sem hlutu viðurkenningu var Óðinn Árnason fyrir áratuga sjálfboðaliðastarf í Hlíðarfjalli. Einnig hlutu viðurkenningu þeir hundrað og sautján aðilar sem unnu að gerð mósaikteppis með skjaldarmerki Akureyrarbæjar í tilefni 150 ára afmæli bæjarins. Þá fékk Kór aldraða í Fínu formi tilnefningu.

Samfélags- og mannréttindaráð og félagsmálaráð ákváðu að eiga samstarf um að skoða framtíðarskipan þeirra tólmstundatíloboða sem Akureyrarbær býður fullorðnum einstaklingum uppá, um var að ræða Punktinn og hinsvegar félagsmiðstöðvar eldri borgara. Ekki tókst að ljúka verkinu því er óljóst um framhald.

Heimsóknir : 22. apríl kom Valgerður Jóna Kristjánsdóttir formaður LEB og tvær aðrar konur úr velferðaráði landsambandsins í heimsókn til okkar. Fulltrúar úr stjórn félagsins ásamt aðilum úr nágretta félögum af Eyjafjarðasvæðinu áttu ágætan fund með þeim.

Félagar úr félagi eldri borgara í Stykkishólmi komu í heimsókn til Akureyrar 25.sept s.l. varaformaður félagsins Guðbjörg Bjarman tók á móti hópnum eru henni færðar bestu þakkir fyrir.

Í undirbúningi er að senda á vegum félagsins dreifibréf til allra Akureyringa sem orðnir eru 60 ára eða verða það á árinu og eru ekki félagsmenn í félaginu okkar. Tilgangurinn með þessu er að upplýsa um starfssemi félagsins. Um 3680 einstaklingar eru á þessum aldri og þar af um 1080 í félaginu okkar, það eru því um 2600 manns sem senda á upplýsingar til. Árlega bætast á milli 200-250 manns við þennan hóp.

Bæjaryfirvöld hafa ákveðið að flytja tólmstundamálefni félagsins og félagsmiðstöðvanna frá búsetudeild og yfir til samfélags-og mannréttindaráðs frá 1. júní næstkomandi.

Að lokum er meðstjórnendum og nefndamönnum þökkum vel unnin störf og gott samstarf, þá er síðast en ekki síðast að þakka starfsmönnum og stjórnendum félagsmiðstöðvanna í Bugðusíðu og Víðilundi ánægjulegt samstarf.

Reikningar félagsins. Einar Gunnarsson gjaldkeri las áritun skoðunarmanna og fór yfir rekstrar- og efnahagsreikning. Hagnaður ársins 934.310. kr. Orðið gefið laust um skýrslu og reikninga. Enginn tók til máls og voru reikningar því samþykktir samhljóða.

Skýrslur nefnda: Skemmtinefnd Birgir Sveinbjörnsson.

Nefndin tók til starfa 15. sept. Skemmtanir í okt. og nóv., jólaskemmtun með ferðanefnd í des. Árshátíð 1. feb. en varð að aflýsa, reyna aftur með árshátíð í haust, skemmtun í apríl, vorfagnaður með hlaðborði. Lýsti hvernig gekk að komast inn á heimasíðuna.

Skýrsla ferðanefndar: Unnur Björnsdóttir.

Ferðanefnd hélt 13 fundi, eina ferðakynningu og jólaskemmtun með skemmtinefnd. Farin var leikhúsferð í Freyvang, tveggja daga ferð í Skagafjörð og Húnavatnssýslu, fjöggra daga ferð um Vestfirði, Snæfellnes og Flatey. Sparidagar á Hótel Örk, farið í 17 daga ferð til Costa del Sol.

Skýrsla spilanevndar: Ellert Kárason.

Spilað var 25 fimmtudaga á síðasta ári oftast á 12-14 borðum og upp í 17. Þátttaka góð og fer vaxandi og verður því líklega haldið áfram.

Skýrsla göngunefndar: Kolbrún Kristjánsdóttir.

Í þrjá mánuði á ári júní, júlí og ágúst er gengið á þriðjudagsmorgnum í Kjarnaskógi. Rúta fer um bæinn, stoppar á vissum stöðum og á vissum tíma til að taka upp göngufólk og fara með það á göngustað, nær síðan í hópinn aftur í Kjarna. Farnar eru 2 óvissuferðir um 70 manns fara í hverja ferð.

Skýrsla fræðslunefndar: Guðbjörg Bjarman.

11 fundir voru haldnir í fræðslunefnd. 5 erindi voru haldin í Bugðusíðu 1 um ýmis málefni svo sem heilsu eldri borgara, sjúkrabjálfari með erindi sem nefnt var Hreyfðu þig alla ævi, erindi um matarræði, frásögn um Húsmæðraskóla á síldveiðum, erindi um Fannadalskrossinn. Þrjú námskeið haldin í framsögu og leiklist. Þá er rétt að skýra frá aðkomu MA með námskeiðum í samvinu við fræðslunefnd sem nefnd voru Ungur temur gamall nemur. Nám í ensku og tölvulæsi.

Skýrsla Kórs eldri borgara: Baldvin Bjarnason.

Kórinn var stofnaður haustið 1986 sem deild í Félagi eldri borgara. Kórinn kemur oftast fram á Akureyri einnig víða um land. Yfirleitt er farið í tvö söngferðalög á hverju ári. Einnig hefur verið farið til Danmerkur og Færeyja. Félagar í kórnum eru 56 talsins.

Skýrsla Bridesnefndar: Jóhannes Sigvaldason.

Byrjað var að spila bridds árið 2007. Tvímenningskeppni spiluð á fimmtudögum frá kl 13.00 til kl 17.00. Að jafnaði spila um 10 pör eða 25 manns.

Ekki urðu umræður um skýrslur nefnda. Nú var gert kaffihlé. Fundarmönnum boðið að fá sér kaffi og meðlæti.

Kosningar:

Kjósa skal formann til tveggja ára og þrjá í aðalstjórn til tveggja ára, eina í varastjórn til tveggja ára. Kjósa skal fastanefndir í félaginu.

Svava Karlsdóttir gerir grein fyrir vinnu uppstillinganefndar.

Stjórn félagsins 2014 - 2015.

Aðalstjórn til tveggja ára 2014.

Sigurður Hermannsson Skálateigi 7. Formaður.

Karl E Steingrímsson Ásvegi 28

Anna G Thorarensen Dalsgerði 4 b

Guðbjörg Bjarman Lindasíðu 5.

Aðalstjórn kosin til tveggja ára 2013.

Einar Gunnarsson Þingvallarstræti 27.

Halldór Gunnarsson Klettaborg 6.

Arnheiður Kristinsdóttir Stekkjartúni 30.

Varastjórn kosin til tveggja ára 2014.

Kolbrún Kristjánsdóttir Kjarnagötu 14.

Varastjórn kosin til tveggja ára 2013.

Númi Adólfsson Furulundi 35.

Aldís Björnsdóttir Vestursíðu 18.

Nefndir 2014-2015 kosnar til eins árs.

Skemmtinefnd: Birgir Sveinbjörnsson, Páll Gíslason, Ásta Axelsdóttir, Erna Tulinius, Björg Dagbjartsdóttir, Sveinn Sigurbjörnsson og Svava Karlsdóttir.

Spilanefnd: Ellert Kárason, Ragna Aðalsteinsdóttir og Sigurður K Sigurðsson.

Göngunefnd fyrir ferðir í Kjarnaskóg: Kolbrún Kristjánsdóttir, Hulda Eggertsdóttir, Jóhanna Jóhannsdóttir og Bára Magnúsdóttir.

Ferðanefnd: Unnur Björnsdóttir, Karl Jörundsson, Hulda Eggertsdóttir, Kolbrún Kristjánsdóttir, Ásdís Árnadóttir og Karl Steingrímsson

Kaffinefnd: Anna Þorsteinsdóttir, Ingigerður Traustadóttir, Marta Gestsdóttir, Sigurlaug Guðvarðardóttir og Vera Sigurðardóttir.

Engar aðrar tillögur um stjórnar- eða nefndarmenn hafa borist. Allir eru því sjálfkjörnir.

Uppstillinganefnd fyrir næsta aðalfund. Tillaga hefur borist frá stjórn um eftirfarandi félagi í uppstillinganefnd. Anna Þorsteinsdóttir, Rafn Gunnarsson, Ófeigur Jóhannesson, Sverrir Valdimarsson og Svava Karlsdóttir.

Kjósa skal tvo skoðunarmenn til eins árs og tvo til vara. Tillaga er um eftirfarandi aðalmenn: Þorsteinn Jónsson og Ásgerður Snorradóttir. Til vara: Rúnar Sigmundsson og Guðjón Daníelsson.

Kjósa skal fræðslunefnd til eins árs. Tillaga um er um Valgerði Jónsdóttur, Guðbjörgu Bjarman og Guðmund Ómar Guðmundsson.

Kjósa skal nefnd til að sjá um tvímenning í bridds. Tillaga er um Jóhannes Sigvaldason og Karl Jörundsson.

Ekki hafa borist aðrar tillögur í þessar nefndir og er því sjálfkjörið .

Árgjald næsta árs (2015.) Tillaga stjórnar er að gjaldið verði kr 2.300 fyrir þá sem greiða beint til gjaldkera á fyrirfram auglýstum tímum eða í heimabanka, en verði 2.600. kr fyrir þá sem greiða með gíróseðli. Tillagan samþykkt.

Frá fundinum voru samþykktar tvær ályktanir þar sem skorað er á stjórnvöld að efna að fullu í síðasta lagi við næstu fjárlagagerð loforð sitt um að leiðrétta kjör eldri borgara og öryrkja.

Þá skorar aðalfundurinn á Bæjarstjórn Akureyrar að stofna hið fyrsta Öldungaráð. Ráðið skal vera bæjarstjórn ráðgefandi um þau mál er varðar hag eldri borgara í bæjarfélaginu.

Báðar tillögurnar samþykktar samhljóða og verð sendar hluteigandi aðilum.

Lokaorð formanns: Þakkar það traust sem honum er sýnt til að leiða Félag eldri borgara á Akureyri næstu tvö árin. Hvetur til að fólk verði duglegt að hreyfa sig.

Kvaddur með lófaklappi. Fundarstjórinn Baldvin Bjarnason þakkar fundarmönnum góða fundarsetu og slítur fundi og fær líka lófaklapp.

Skýrslur stjórnar og nefnda og ályktanir eru varveittar í sér möppu á skrifstofu félagsins í Bugðusíðu 1.

Kristín Hjálmarsdóttir Helga Eiðsdóttir

Baldvin Bjarnason

Ritarar

Fundastjóri